

VIÐHORF

▲Margrét Eiríksdóttir geðhjúkrunarfræðingur skrifar



Viðhorf til geðsjúkra

12. maí er fæðingardagur Florence Nightingale. Þetta árið tileinka Alþjóðaamtök hjúkrunarfræðinga daginn geðhjúkrun. Þessum sömu samtökum hefur þótt ástæða til að taka fram í stefnumörkun sinni, að geðsjúkir skuli njóta sömu mannréttinda og annað fólk. Er ástæða til að taka það sérstaklega fram í okkar samfélagi?

Margt hefur breyst um hagi geðsjúkra á þessari öld. Fyrsta íslenska geðsjúkrahúsið var opnað í byrjun aldar. Þekking á geðsjúkdómum hefur aukist, geðlyf hafa verið fundin upp og þróuð og ýmis form meðferðar hafa verið reynd með misjöfnum árangri. Viðhorf í þjóðfélaginu hafa breyst. Fatlaðir og öryrkjar, sem áður var ætlað að lifa sínu lífi á afmörkuðum stofnunum, er nú ætlað að taka þátt í lífinu með öðrum þegnum samfélagsins og leggja þar sitt af mörkum, hver eftir sinni getu. Langdvalarplássum hefur fækkað á geðdeildum sjúkrahúsanna, en möguleiki á skammtímaavistun og göngudeildar meðferð hefur batnað stórlaga.

En geðsjúkrum er sem öðru fólki nauðsynlegt að fá uppfylltar sínar grunnþarfir, til að geta nýtt sér meðferð og ná bata. Öruggt húsnæði, gott fæði og ástúðlegt samband við annað fólk er okkur öllum nauðsynlegt til að geta notið okkar og tekið framförum. Mjög mörgum geðsjúkum tekst ekki að skapa sér þessar aðstæður án stuðnings.

Þrátt fyrir 20 ára þróun í sambýlismálum geðsjúkra skortir enn á þennan nauðsynlega stuðning fyrir þá veikustu. Alltof margir geðsjúkir einstaklingar eru á hrakbólum vegna þess að þeir eru of veikir til að geta nýtt sér þá sambýlismöguleika sem eru fyrir hendi. Vegna fjársveltis hefur Svæðisstjórn um málefni fatlaðra hingað til ekki haft tók á að sinna málefnum geðsjúkra, sem henni ber þó lögum samkvæmt að gera. Nú hillir undir úrlausn og geðsjúkir geta loks vænst þess að eignast varanlegt heimili í sambýlum með góðum stuðningi. Fyrsta skrefið er stofnun þriggja sambýla á vegum Svæðisstjórnar um málefni fatlaðra.

En erum við, hinir almennu borgarar, tilbúnir að viðurkenna geðsjúka einstaklinga í okkar samfélagi? Eða erum við enn haldnir of miklum ótta og fordómum? Oft hef ég heyrt geðsjúka tala um að alla aðra sjúkdóma hefðu þeir fremur kosið sér, vegna þess skilningsleysis og þeirra fordóma sem ríkja í sambandi við geðsjúkdóma.

Fordómur er í raun þekkingarskortur. Þegar litið er til þess, t.d. hvað geðklofi er algengur sjúkdómur, er sláandi hvað fólk veit almennt litið um hann. Það er talið að í öllum þekktum samfélögum veikist u.þ.b. 1 af hverjum 100 einstaklingum af geðklofa. Flestir veikjast ungir að árum. Orsakir eru ókunnar þrátt fyrir miklar rannsóknir, en sjúkdómurinn virðist arfgengur. Einkenni eru mjög mis-

munandi, en þó eru einangrunartilfinning, einbeitingarörðugleikar og mikill kvíði yfirleitt áberandi. Önnur einkenni svo sem ranghugmyndir, ofskynjanir, sjúkleg tortryggni og samskiptaörðugleikar eru líka oft til staðar. Einkennin og batahorfur eru mjög mismunandi, en oft þarf sjúklingurinn að taka tillit til fötlunar sinnar til æviloka. Hann getur ekki einbeitt sér að erfiðri vinnu og getur búist við sjúkdómsköstum þegar álag er mikið. Geðklofasjúklingi er nauðsynlegt, til að ná bata og betri líðan, að horfast í augu við sjúkdóm sinn, viðurkenna hann og takast á við hann án fordóma. Slíkt er ómögulegt nema með viðurkenningu og stuðningi.

Allir menn þarfnast virðingar og viðurkenningar annarra til að geta notið sín í lífinu. Gildismat okkar er nokkuð á þann veg að enginn sé maður með mönnum nema hann sé „vinnuþetta“ eða stundi langskólánám. Þessi viðhorf eru geðklofasjúklingum vissulega fjötur um fót. Ekki er nægjanlega hlúð að öðrum möguleikum þeirra til að njóta sín í lífinu. Margir þeirra eru t.d. skapandi listamenn. Það að hafa sjálfur ákvörðunarrétt um líf sitt, læra á sjúkdóm sinn, sætta sig við hann og vinna með hann opnar einstaklingnum leið til að njóta sín.

Þegar gera þarf átak, hafa áhugamannasamtök oft unnið ótrúleg afrek. Geðhjálparmenn hafa á sínum tíma þegar geðsjúkir og aðstandendur þeirra tóku höndum saman um marg-

þætt félags- og fræðslustarf fyrir geðsjúka. Geðhjálparmenn hafa unnið mjög þarft starf, m.a. með rekstri félagsmiðstöðvar. Nú hafa aðstandendur geðklofasjúklinga myndað með sér samtök. Það er einlæg ósk mín að allir sem málið varðar taki höndum saman til stuðnings með geðsjúkum. Nauðsynlegt er að vekja athygli og skilning á þörfum þeirra og aðstæðum.

Eitt af vandamálum geðklofasjúklinga er hversu erfitt þeir eiga með flókin samskipti. Þróun mála gerir þessi samskipti nú æ flóknari. Sjúklingurinn býr úti í samfélaginu og sækir þjónustu til margra stofnana. Honum er því þörf á vönduðu stuðningskerfi. Hjúkrunarfræðingurinn hefur löngum verið sá sem næst sjúklingnum stendur af þjónu heilbrigðiskerfisins. Nú þurfa hjúkrunarfræðingar að færa sig með sjúklingnum frá geðdeildum út í samfélagið. Geðhjúkrunarþjónusta á heilsugæslustöðvum og í heimahjúkrun er nauðsynleg.

Fimmtán ára starf með geðsjúkum hefur gefið mér margt, meðal annars þá trú að sérhver einstaklingur geti haft veruleg áhrif á ástand sitt þrátt fyrir erfiðan sjúkdóm. Góð samvinna geðsjúkra, aðstandenda þeirra og heilbrigðisstétta, ásamt þekkingu almennings og stuðnings mun breyta aðstæðum geðsjúkra enn verulega til betri vegar. Ekkert vandamál er verra en viðhorf okkar til þess.